



Umferðaröryggisáætlun Seltjarnarnes

Maí 2014



13153

13153_g140505

Maí 2014

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	12.05.2014	SJ	KEP/HMÁ	HS
2	21.05.2014	SJ	HS	SJ



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
1.1	<i>Forsendur</i>	3
1.2	<i>Samráðshópur</i>	3
1.3	<i>Verkferli</i>	3
2	Stöðumat og greiningarvinna	4
2.1	<i>Slysagreining</i>	4
2.2	<i>Hraðatakmarkandi aðgerðir</i>	7
2.3	<i>Miðsvæði A</i>	7
2.4	<i>Öryggi og aðkoma óvarinna vegfaranda</i>	8
2.5	<i>Gatnakerfi</i>	8
2.6	<i>Ökumaður og farartæki</i>	8
2.7	<i>Fræðsla og áróður</i>	9
3	Markmið og áhersluatriði	9
3.1	<i>Slys</i>	9
3.2	<i>Hraðatakmarkandi aðgerðir</i>	9
3.3	<i>Miðsvæði A</i>	10
3.4	<i>Öryggi og aðkoma óvarinna vegfaranda</i>	10
3.5	<i>Gatnakerfi</i>	11
3.6	<i>Ökumaður og farartæki</i>	11
3.7	<i>Fræðsla og áróður</i>	11
4	Framkvæmdaáætlun og forgangsröðun verkefna	12
4.1	<i>Almennt</i>	12
4.2	<i>Svæði I</i>	13
4.3	<i>Svæði II</i>	14
4.4	<i>Svæði III</i>	16
4.5	<i>Svæði IV</i>	17
4.6	<i>Svæði V</i>	18
4.7	<i>Yfirlit forgangsverkefna</i>	19
5	Niðurstöður	20
6	Heimildaskrá	21
7	Viðauki I – Ábendingar samráðshóps og íbúa	22
8	Viðauki II – Slysakort	28



1 Inngangur

Bæjarstjórn samþykkti að fela bæjarverkfræðingi að gera umferðaröryggisáætlun. Bæjarverkfræðingur Seltjarnarnesbæjar óskaði eftir aðstoð VSÓ Ráðgjafar við gerð umferðaröryggisáætlunar fyrir sveitarfélagið. Sú vinna fór fram á tímabilinu september 2013 - apríl 2014 og er afrakstur hennar þessi skýrsla. Þetta er í fyrsta skipti sem heildstæð umferðaröryggisáætlun er gerð fyrir sveitarfélagið.

Skýrslunni er skipt í fimm meginkafla, fyrsta kafla með inngangi, öðrum kafla með stöðumati á núverandi umferðaröryggi í sveitarfélaginu og greiningarvinnu, og þriðja kafla með helstu framtíðarmarkmiðum og áhersluatriðum sveitarfélagsins er varðar umferðaröryggi. Í fjórða kafla er framkvæmdaáætlun og forgangsröðun verkefna, þar sem Seltjarnarnesi var skipt í fimm svæði og verkefni listuð niður svæði fyrir svæði, auk þess voru fimmtán brýnustu ákveðin og þeim raðað í forgangsröð, þar sem verkefni eitt er brýnast o.s.frv. Í fimmta kafla eru svo helstu niðurstöður teknar saman. Í viðauka I eru ábendingar samráðshóps og íbúa, og í viðauka II eru stærri myndir af slysakortum sem sýndar eru í kafla 2.1.

Samráðshópur var sammála um að leggja ætti sérstaka áherslu á að bæta umferðaröryggi á svæði I þar sem m.a. skólar, sundlaug og íþróttamiðstöð eru (mynd 4.2) og því eru brýn verkefni á því svæði sett í forgang.

1.1 Forsendur

Undanfarin ár hefur Umferðarstofa, nú Samgöngustofa, hvatt sveitarfélög til að gera áætlanir um umferðaröryggi. Vegagerðin, Samgöngustofa og Mannvit hafa tekið saman leiðbeiningar um gerð umferðaröryggisáætlana sveitarfélaga. Seltjarnarnes er eitt af þeim sveitarfélögum sem hefur gert samning við Samgöngustofu um að skuldbinda sig til að gera umferðaröryggisáætlun. Markmið sveitarfélagsins með gerð umferðaröryggisáætlunar er að auka öryggi allra vegfarenda og fækka slysum í umferðinni.

1.2 Samráðshópur

Samráðshópur var myndaður með helstu hagsmunaaðilum umferðaröryggis hjá sveitarfélaginu, eins og lagt er til í leiðbeiningum um gerð umferðaröryggisáætlana. Í samráðshópnum voru Stefán E. Stefánsson, bæjarverkfræðingur hjá Seltjarnarnesbæ og á seinni stigum Gísli Hermannsson sem tók við starfi bæjarverkfræðings, Baldur Pálsson fræðslustjóri Seltjarnarnesbæjar, Haukur Geirmundsson íþrótt- og tómsundafulltrúi Seltjarnarnesbæjar, Fjóla Höskuldsdóttir, deildarstjóri Grunnskóla Seltjarnarnesbæjar, Svana M. Davíðsdóttir, f.h. foreldraráðs Leikskóla Seltjarnarnesbæjar, Baldur Grétarsson f.h. Vegagerðarinnar, Þóra M. Magnúsdóttir f.h. Samgöngustofu og á seinni stigum tók Einar Magnús Magnússon við f.h. Samgöngustofu, Jóhann Karl Þórisson f.h. lögreglu, Einar Kristjánsson f.h. Strætó Bs og Svanhildur Jónsdóttir sem starfaði með hópnum f.h. VSÓ Ráðgjafar.

1.3 Verkferli

Tímabil	Aðgerðir
September 2013	Samráðshópur skipaður.
September 2013 – október 2013	Ábendingum samráðshóps og íbúa sem höfðu borist bæjarfélaginu undanfarin misseri safnað saman og sent á samráðshóp (sjá viðauka).
Nóvember 2013	Fundur hjá samráðshóp.
Nóvember 2013	Auglýst eftir ábendingum frá íbúum í Nesfréttum.
Desember 2013 –	Þrír fundir með bæjarverkfræðing, fulltrúa Vegagerðar og VSÓ



janúar 2014	Ráðgjafar.
Janúar 2014	Fundur hjá samráðshóp.
Maí 2014	Útgáfa umferðaröryggisáætlunar.
Maí 2014	Umferðaröryggisáætlun kynnt á íbúafundi.


Við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar skal taka tillit til umferðaröryggisáætlunar. Áætlað er að umferðaröryggisáætlun sé endurnýjuð eftir fjögur ár. Fram að þeim tíma verði ábendingum sem berast sveitarfélaginu varðandi umferðaröryggi safnað saman og þær skoðaðar. Jafnframt verði unnið að þeim úrbótum sem lagðar eru fram í þessari umferðaröryggisáætlun. Gert er ráð fyrir því að haldinn verði fundur með samráðshóp tveim árum eftir útgáfu umferðaröryggisáætlunar þar sem farið verður yfir verkefnastöðu og nýjar ábendingar. Í framhaldi að samráðfundinum verði minnisblað sent til sveitarstjórnarmanna.

2 Stöðumat og greiningarvinna

2.1 Slysagreining

Tölfræði var tekin saman um slys og óhöpp á Seltjarnarnesi á árunum 2004-2013, ásamt því að staðsetning þeirra var rýnd fyrir árin 2008-2012, og útfrá þeim upplýsingum var slysagreining gerð.

Á árunum 2004-2012 voru tvö slys með alvarlegum meiðslum og 17 slys með litlum meiðslum. Á mynd 2.1 er fjöldi slysa sýndur á árunum 2004-2012.



Í heildina á árunum 2004-2013 voru 4 slys með alvarlegum meiðslum og í töflu 2.1. er staðsetningu þeirra, tegund og orsök lýst.




Tafla 2-1: Slys með alvarlegum meiðslum á Seltjarnarnesi á árunum 2004-2013.

Staðsetning	Tegund	Orsök
Suðurströnd við Bakkatjörn.	Farþegi fellur úr bifreið.	Farþegi veldur slysi.
Á Nesveg v. Tjarnarstíg.	Ekið á fótgangandi vegfaranda sem gengur skyndilega út á akbraut.	Fótgangandi vegfarandi fór óvarlega.
Til móts við Melabraut 28.	Fall af reiðhjóli.	Ökutæki í ólagi.
Við Valhúsabraut 29.	Ekið á fótgangandi vegfaranda á gangstétt utan akbrautar.	Mannlaus bifreið rennur.

Hægt er að álykta skv. töflu 2-1 að þau fjögur slys sem voru á árunum 2004-2013 með alvarlegum meiðslum eru ekki bundin við ákveðna staði og stafa af mannlegum orsökum eða tækjabilun.

Á mynd 2.2 má sjá fjölda óhappa á Seltjarnarnesi án meiðsla, árin 2004-2012.



Mynd 2.2 Fjöldi óhappa án meiðsla á árunum 2004-2012

Á myndum 2.3-2.5 er staðsetning slysa og óhappa á árunum 2008-2012 sýnd. Slys með litlum meiðslum eru sýnd með grænum lit og óhöpp án meiðsla eru sýnd með bláum lit. Myndir 2.3-2.5 eru einnig stærri í Viðauka II.



Mynd 2.3 Slys og óhöpp á árunum 2008-2012



Mynd 2.4 Slys og óhöpp á árunum 2008-2012



Mynd 2.5 Slyss og óhöpp á árunum 2008-2012

Á þessu tímabili, 2008-2012, voru engin alvarleg slys en það voru sjö slys með litlum meiðslum. Í þremur þessara slysa koma reiðhjól við sögu, eitt slys þar sem fall er af reiðhjóli, eitt þar sem bifreið er ekið á hjólreiðamann sem ekur þvert yfir akbraut og eitt þar sem bifreið ekur á hjólreiðamann á gangstétt. Tvö slys voru við T-gatnamótin Norðurströnd/Suðurströnd þar sem tvær bifreiðar lentu í árekstri vegna vinstri beygju frá Norðurströnd inn á Suðurströnd. Auk þess varð slys þar sem bifreið ók aftan á aðra kyrrstæða bifreið og að lokum slys þar sem bifreið ók á aðra bifreið við hægri vegarbrún.

Þegar staðsetning óhappa án meiðsla á svæðinu er rýnd er áberandi að mörg þeirra eru miðsvæðis, þ.e. á bílastæðum við Eiðistorg, á Suðurströnd austan við fótboltavöll og á bílastæðum við íþróttasvæði og sundlaug.

Í skýrslu frá Samgöngustofu um umferðarslys árið 2012 eru teknar saman upplýsingar um fjölda slasaðra eftir stærstu þéttbýlistöðum, fyrir hverja 10.000 íbúa. Á Seltjarnarnesi hafa 2,3 látist, slasast alvarlega eða slasast lítið en það er lægst allra sveitarfélagana sem tekin eru í úrtakinu. Sveitarfélagið sem kom næst best út var með 7,4 og það sveitarfélag sem kemur verst út var með 24,7. Því er hægt að álykta að umferðaröryggi á Seltjarnarnesi geti almennt talist mjög gott.

2.2 Hraðatakmarkandi aðgerðir

Talsvert er af hraðatakmarkandi aðgerðum í sveitarfélaginu, sumar hafa dregið úr umferðarhraða en aðrar hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Dæmi eru um að umferð og hraðakstur hafi færst á milli gatna þegar hraðatakmarkandi aðgerðum hefur verið beitt, og því þarf að taka fyrir svæði frekar en staði til að koma í veg fyrir það.

2.3 Miðsvæði A

Í þessari áætlun er miðsvæði A skilgreint sem svæðið í kringum leik-, grunn- og tónlistarskóla, íþróttamiðstöð, íbúðir aldraðra, heilsugæslu og kirkju.



Við Mýrarhúsaskóla, tónlistarskóla og íbúðir aldraðra gengur umferð gangandi og akandi almennt vel fyrir sig og það er lítið um hraðakstur og utanaðkomandi umferð. Á álagspunktum á stofnunum á svæðinu getur þó safnast saman talsverður fjöldi af bílum á svæðinu og leggja þá einhverjir ólöglega.

Við hringakstur við heilsugæslu gengur umferð bíla einnig vel fyrir sig, þó er talsvert um að bílum sé lagt upp á gangstéttir á svæðinu á álagstímum. Eftir að bílaplan Valhúsaskóla var fært yfir á plan körfuboltavallarins og öfugt, í byrjun skólaárs haustið 2013, hafa gestir svæðisins aukið notkun á bílastæðum skólans á álagstímum. Á þessu svæði eiga margir leið að sundlaug, heilsugæslu, íþróttamiðstöð, knattspyrnuvelli og að Valhúsaskóla. Undanfarið hefur sveitarfélagið unnið að því að bæta öryggi á svæðinu með því að stýra betur flæði óvarðra vegfarenda. Er því umferðaröryggi á svæðinu orðið betra en það má bæta enn frekar t.d. með frekari stýringu.

Mikil umferð skapast í kringum íþróttamiðstöð og sundlaug seinni part dags í miðri viku. Þetta ástand er viðvarandi á tímabilinu 1. september til 1. maí. Mikið er um að verið sé að aka börnum til og frá íþróttahúsi og engin skipulögð sleppistæði eru til staðar. Á þessum álagstíma er bílum einnig lagt á mitt bílaplanið sem veldur því í einhverjum tilfellum að bílar sitja fastir í skipulögðum bílastæðum. Aukið skipulag gæti bætt skilvirkni svæðisins.

Nýlega var bílaplan leikskólans endurskipulagt og hefur þar tekist vel til. Það mætti þó einnig setja langa miðeyju í hluta bílaplansins sem næst er gatnamótunum Suðurströnd/Nesvegur, auk þess að bæta mætti lýsingu. Öll leikskólabörn eru í endurskinsvestum á ferðum sínum utan leikskólalóðar, bæði á sumrin og á veturna.

Gangbrautarvarsla er á tveimur stöðum þegar skóli er starfandi, annars vegar neðan við skólann á Nesvegi og hins vegar við gamla skólann við kirkjuna. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á þessu fyrirkomulagi.

Ókostur er að hafa inn- og útkeyrslu í bílakjallara fjölbýlishúsanna við við Hrólfsskálamel á bílaplani íþróttamiðstöðvarinnar. Umferð er mikil þar nú þegar og myndi þetta hafa neikvæð áhrif á umferðaröryggi óvarinna vegfarenda á svæðinu.

2.4 Öryggi og aðkoma óvarinna vegfaranda

Öryggi óvarinna vegfarenda er almennt gott og stígakerfi nokkuð samfellt.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að bæta umferðaröryggi á skólaleiðum barna og hefur það almennt heppnast vel en ennþá vantar gangbraut/göngubverun á nokkrum stöðum.

Víða er þverunarlengd yfir gangbraut/göngubraut of löng og þá sérstaklega í götum þar sem akstursflötur er of breiður. Undanfarið hefur verið unnið að því að lækka gangstéttarkanta í sveitarfélaginu og vinna þarf áfram með það verkefni, því það þarf lækka gangstéttarkant á nokkrum stöðum til viðbótar við gangbrautir/göngubveranir og koma fyrir blindraröndum. Við gangbrautir (sebrabrautir) er talsvert um að gangbrautarskilti séu ekki til staðar.

2.5 Gatnakerfi

Fjórar götur á Seltjarnarnesi hafa hærri hámarkshraða en 30 km. Lindarbraut, Suðurströnd og stór hluti af Nesvegi sem eru með hámarkshraðann 50 km/klst og Norðurströnd hefur hámarkshraðann 60 km/klst.

Í íbúðahverfum þar sem hámarkshraði er 30 km/klst eru akreinar oft of breiðar.

2.6 Ökumaður og farartæki

Samgöngustofa og lögregla hafa séð um þennan málaflokk.



Samgöngustofa og Slysavarnafélagið Landsbjörg gerðu úttekt á *Öryggi barna í bílum* á leikskólum um allt land árið 2013. Í leikskólanum á Seltjarnarnesi var búnaður athugaður hjá 91 barni. Í ljós kom að Seltjarnarnes var í 4. sæti af 21 sveitarfélagi með góða notkun öryggisbelta ökumanna en í 10. sæti í notkun verndarþúnaðar (t.d. bílstólar) fyrir börn. Auk þess kom fram að í samanburði við alla leikskóla sem voru í úrtakinu þá var leikskólinn á Seltjarnarnesi í 24. sæti af 52 leikskólum og ályktar Samgöngustofa því að ástand þessara mála sé í meðallagi í sveitarfélaginu.

2.7 Fræðsla og áróður

Skólaskrifstofa styður umferðarfræðslu í leik- og grunnskóla árlega með föstu framlagi auk þess sem samstarf hefur verið við tryggingafélag bæjarins, Sjóvá, um vitundarvakningu í skólabyrjun ár hvert.

Varðandi umferðaröryggismál í tengslum við leik- og tónlistarskóla má taka fram að Leikskóli Seltjarnarness fær heimsóknir frá Umferðarskólanum í elsta árgang auk þess sem umferðakennsla fer fram í vettvangsferðum.

Áróður hefur verið rekinn meðal annars til að fá íbúa til að taka upp ferðavenjur sem draga úr umferð bíla í kringum skólamannvirki. Hér er fyrst og fremst um að ræða átökin *Göngum í skólann* og *Hjólum í skólann*, sem notið hafa vinsælda og stöðugt aukinnar þátttöku.

3 Markmið og áhersluatriði

Samræmi skal vera milli aðgerða umferðaröryggisáætlunarinnar og umferðarskipulags.

Umferðaröryggisáætlunin verður aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins á slóðinni www.seltjarnarnes.is/umferdaroryggisaetlun, auk þess geta íbúar og aðrir komið ábendingum varðandi umferðaröryggi á framfæri á sömu slóð. Ábendingum verður svo safnað saman og þær teknar fyrir við endurskoðun umferðaröryggisáætlunar.

3.1 Slys

Almennt skal stefna á að því að fækka slysum enn frekar.

Til að fækka óhöppum á bílaplönnum skal tryggja skipulag á bílaplönnum með því að hafa yfirborðsmerkingar bílstæða í lagi, tryggja góða lýsingu, hafa miðeyjur og nota annan aðbúnað t.d. skilti og grindverk/steypta kubba.

3.2 Hraðatakmarkandi aðgerðir

Sveitarfélagið stefnir að því að festa kaup á umferðargreini eða kaupa þjónustu til að gera reglulegar úttektir á umferðarhraða, fjölda ökutækja o.fl. Með greininum er auk þess hægt að kanna áhrif hraðatakmarkandi aðgerða og geta niðurstöður úr könnunum nýst vel við forgangsriðun verkefna.


Þegar verið er að beita hraðatakmarkandi aðgerðum skal leitast við að:

- ▶ Taka fyrir svæði frekar en staði.
- ▶ Hafa aðgerðirnar fjölbreyttar og með jöfnu millibili.
- ▶ Þegar notast er við miðeyjur skal almennt miða við að þær séu a.m.k. 1,5 m.

Þar sem strætó ekur skal almennt nota láréttar hraðatakmarkandi aðgerðir (þrengingar, hliðranir og miðeyjar) en þar sem ekki verður komist hjá því að nota lóðréttar hraðatakmarkandi aðgerðir (hraðahindranir) henta H-hraðahindranir, koddar eða „modificeret cirkelbump“, líkt og sýnt er á mynd 3.1., strætisvögnum betur.



Katalog	Typegodkendte fartdæmpere				
Bumtype	Modificeret cirkelbump				
Ønsket hastighed	40 km/h	Passagehastighed tunge køretøjer	25 km/h	Bilag nr.	2-5



Mynd 3.1 Breytt hringhraðahindrun eða „modificeret cirkelbump“

Þegar afmarka þarf eða þrengja akstursflöt götu er hægt að nýta t.d. samhliða bílastæði sem geta verið afmörkuð með kantsteini. Einnig er mögulegt að nota blómaker til að afmarka bílastæði en þá skal sérstaklega tryggja að sjónlengdir séu ekki skertar og hæð gróðurs ekki hærri í en 0,8 m.

3.3 Miðsvæði A

Í þessari áætlun er miðsvæði A skilgreint sem svæðið í kringum leik-, grunn- og tónlistarskóla, íþróttamiðstöð, íbúðir aldraðra, heilsugæslu og kirkju.

Samráðshópur voru sammála um að tryggja enn frekar umferðaröryggi á þessu svæði og því ætti að setja úrbótaverkefni á þessu svæði í forgang. Öryggi óvarinna vegfarenda á þessu svæði þarf að vera í forgrunni. Bílaumferð við grunnskólana þarf að halda frá ákveðnum svæðum og tryggja þarf öryggi barna á leið til og frá skóla. Auk þess þarf að endurskoða skipulag á bílplani við íþróttahús og sundlaug.

3.4 Öryggi og aðkoma óvarinna vegfaranda

Leggja skal áfram sérstaka áherslu á öryggi gönguleiða barna í skólann. Til dæmis með því að setja gangbrautir/gönguþveranir á viðeigandi staði, tryggja sýnileika þeirra og lýsingu, auk þess að hægja á umferð þar í kring. Einnig skal að tryggja þverunarlengd yfir gangbraut/göngustíg sé ekki of löng, og halda áfram að lækka gangstéttarkanta og koma fyrir blindraröndum þar sem vantar við gangbrautir/gönguþveranir.

Stígakerfi við plan Eiðistorgs er sundurslitið, t.d. þarf að ganga/hjóla þvert yfir bílplanið til að komast frá göngustíg við Eiðismýri að göngustíg á Nesvegi. Bílplanið við Eiðistorg og svæði Orkunnar eru ekki í eigu sveitarfélagsins. Því er áætlað að óska eftir samvinnu við verslunareigendur um að unnið verði að úrbótum að betra stígakerfi og skipulagi á bílplani við Eiðistorg.

Almennt eiga ekki að vera gangbrautir í íbúðarhverfum þar sem almennur hámarkshraði er 30 km/klst. Gangbraut skal þó vera þar sem fleiri en 40 óvarðir vegfarendur eða fleiri en 15 skólabörn þvera götuna á háannatíma, einnig ef margir aldraðir, hreyfihamlaðir eða sjónskertir eru í nærumhverfi.

Við gangbrautir sem eru sebramerktar skal vera eitt skilti hvoru megin gangbrautarinnar, líkt og sýnt er á mynd 3.2. Einnig skal tryggja að niðurtekt og blindrarönd sé í gangstéttum þar sem gangbrautir/gönguþveranir eru.



Mynd 3.2 Gangbraut með tvö gangbrautarskilti og þrengingu.

Þegar gangbrautir/göngubveranir þvera götur þar sem akstursflötur gatna er of breiður skal nota þrengingar eða miðeyjur sem stytta þverunarlengd óvarinna vegfarenda. Á stofnbrautum þar sem hámarkshraði er 50 km/klst. eða hærri ættu gangbrautir að vera með miðeyju eða gönguljósi/um.

Tryggja skal að skörun vængjahliða séu rétt stillt við enda göngustíga og stefna að því að gera bæinn hjólavænni á næstu árum.

3.5 Gatnakerfi

Unnið skal að því að ná umferðarhraða niður í hámarkshraða með hraðatakmarkandi aðgerðum og að hönnun gatna verði í samræmi við hámarkshraða götunnar. Notaðar verði lóð- og láréttar hraðatakmarkandi aðgerðir sem henta hverju sinni.

Hvetja skal lóðareigendur til að klippa gróður til þess að tryggja sjónlínur og að umferðarskilti séu sýnileg.

Tryggja skal að umferðarskilti, gátstaurar og yfirborðsmerkingar séu í lagi og í samræmi við hvert annað.

3.6 Ökumaður og farartæki

Sveitarfélagið gerir ráð fyrir að Samgöngustofa og lögregla sjái að mestu um þennan málaflokk nema að sérstaklega verði leitað til sveitarfélagsins.

Skv. upplýsingum í grein 2.6 hér á undan má álykta að bæta megi enn frekar öryggi leikskólabarna í bílum, með fræðslu og reglulegum úttektum.

3.7 Fræðsla og áróður

Halda skal áfram sömu umferðarfræðslu í leik- og grunnskólum líkt og seinustu ár. Einnig skal halda áfram að fara í vettvangsferðir með leikskólabörn, þar sem þau fá umferðarfræðslu.

Íbúar eru hvattir til að fylgjast með í nærumhverfinu og að koma með ábendingar um það sem betur má fara hjá sveitarfélaginu til að tryggja umferðaröryggi.



4 Framkvæmdáætlun og forgangsröðun verkefna

Verkefnum á Seltjarnarnesi er skipt niður á fimm svæði, líkt og sýnt er á mynd 4.1.



Mynd 4.1 Seltjarnarnesi skipt í fimm svæði

Verkefnin eru mörg og eru mörg þeirra ekki umfangsmikil. Ákveðið var að velja fimmtán brýnustu verkefnin og hefur þeim verið raðað í forgangsröð, þar sem verkefni eitt er brýnast o.s.frv. Flest af fimmtán brýnustu verkefnum eru á svæðum I og II. Vert að taka fram að verkefni númer ellefu í forgangsröðinni inniheldur fleiri en eitt verkefni og er það er vegna samlegðar þessara verkefna.

4.1

Almennt

Tafla 4.1: Almenn verkefni og forgangsröðun

	Forgangur
a) Kaupa á umferðargreini og nota til greininga.	



4.2

Svæði I



Mynd 4.2 Verkefni á svæði I

Tafla 4.2: Verkefni á svæði I og forgangsöröðun þeirra

	Forgangur
a) Aðkoma við innakstur bifreiða og inngangur fólks sem kemur á dagvist við íbúðir aldraðra verði bætt.	
b) Bílastæðapörf við íbúðir aldraðra verði könnuð og athugað hvort nýta á stærri hluta af lóð íbúða aldraðra fyrir bílastæði.	
c) Einstefna verði í bílakjallara við Hrólfsskálamel þannig að aðeins verði keyrt inn í kjallarann af bílplaninu við íþróttasvæðið.	1
d) Fjölga bílastæðum á bílplani Mýrarhúsaskóla með breyttu skipulagi á bílplaninu.	
e) Fjölga bílastæðum norðanmegin við Kirkjubraut.	
f) Forsendur fyrir skástæðum á Skólabraut verði kannaðar.	
g) Forsendur fyrir hringakstri/-torgi og sleppistæðum á Nesvegi við innkeyrsluna inn á skólalóðina hjá Mýrarhúsaskóla verði kannaðar.	10
h) Fundin verði lausn á því hvernig eigi að tengja saman stígakerfi við Eiðistorg.	8
i) Fundin verði lausn með helstu hagsmunaaðilum á því hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að flutningabílar komi inn á skólalóð Mýrarhúsaskóla.	3
j) Fundin verði lausn með verslunareigendum Eiðistorgs hvernig megi minnka fjölda óhappa á bílplaninu með úrbótum á skipulagi.	8
k) Færa núverandi hlið austan við Valhúsaskóla norðar svo hægt verði að aka inn á bílplanið en ekki lengra, auk þess að setja skilti D08.11 Botngata og undirmerkið Óviðkomandi umferð bönnuð við Skólabraut 7.	7
l) Gult blikkandi gönguljós verði sett við gatnamótin Suðurströnd/Nesvegur, líkt og við gatnamótin Hringbraut/Framnesvegur. Ljósið blikkar þegar kveikt er á gönguljósum og vekur athygli ökumanna á því að óvarinn vegfarandi gæti verið á leið yfir akbrautina. Staðsetja skal ljósið vestan við gatnamótin, norðan megin við Suðurströnd.	4
m) Hljóðmerki í gönguljós á gatnamótunum Suðurströnd/Nesvegur.	



n) Klippa tré á göngustíg sem liggur vestan við hringakstur við Heilsugæslu og liggur að Valhúsaskóla.	
o) Miðeyja sett á núverandi gangbraut á Suðurströnd við innkeyrslu inn á bílaplan við gervigrasvöllinn og hraðamælingaskilti áður en komið er að gangbrautinni.	
p) Mæla lýsingu á bílaplani tónlistarskólans til að athuga hvort bæta eigi lýsinguna.	
q) Gangstétt verði sett við Skólabraut 7, sem tengist núverandi stígakerfi.	
r) Setja tvö einstefnuskipti í sitt hvorn endann við Skólabraut 3-5.	
s) Skipulag á bílaplani við sundlaug og íþróttasvæði verði skoðað og framtíðarákvörðun tekin, t.d. er búið að forhanna aðkomu/hringakstur við íþróttahúsið.	5
t) Stækka miðeyju vestan megin við gatnamótin Suðurströnd/Nesvegur.	
u) Tryggja lýsingu á lágu staurunum við göngupverun við Tónlistarskólann, Orkuveitan sér um viðhald og peruskipti.	
v) Upphækkuð göngupverun í botnlanga Suðurmýrar við Heilsugæsluna, norðan við hringakstur áður en komið er að bílaplani vestan við Heilsugæsluna sem tengir gönguleið skólabarna. Einnig þarf að bæta lýsingu á þessu svæði.	
w) Úttekt á þverhalla gangstétta á Austurströnd og bæta niðurtektir á gangstéttum.	

4.3

Svæði II



Mynd 4.3 Verkefni á svæði II

Tafla 4.3: Verkefni á svæði II og forgangs röðun þeirra

	Forgangur
a) Akstursflötur Lambastaðabrautar verði afmarkaður.	
b) Akstursflötur Selbrautar verði afmarkaður.	



c) Akstursflötur Sólbrautar verði afmarkaður.	
d) Akstursflötur Sæbrautar verði afmarkaður.	
e) Akstursflötur Tjarnarstígs verði afmarkaður.	
f) Biðskylduskilti sett við Suðurmýri austan við gatnamótin Suðurmýri/Tjarnarmýri.	11
g) Biðskylda verði sett á Selbraut og Sólbraut.	
h) Bæta við hjólastæðum við leikskólann.	
i) Forsendur fyrir hraðahindrun við Sólbraut 8-10 verði kannaðar.	
j) Forsendur fyrir hraðahindrun við Sæbraut 10-12 verði kannaðar.	
k) Forsendur fyrir hraðahindrun á Selbraut norðan við gatnamótin hjá botnlanganum með húsum nr. 2-8 verði kannaðar.	
l) Forsendur fyrir gangbraut/gönguþverun á milli Grænumýrar 10 og 12 sem tengir stígakerfi verði kannaðar.	
m) Forsendur fyrir gangbraut/gönguþverun í Tjarnarmýri við gatnamótin Tjarnarmýri/Eiðismýri verði kannaðar.	
n) Forsendur fyrir gangbraut/gönguþverun í Eiðismýri austan við gatnamótin Eiðismýri/Kolbeinsmýri verði kannaðar.	
o) Forsendur fyrir gangbraut/gönguþverun í Kolbeinsmýri norðan við gatnamótin Eiðismýri/Kolbeinsmýri verði kannaðar.	
p) Forsendur fyrir hraðatakmarkandi aðgerðum í Suðurmýri austan við gatnamótin Suðurmýri/Tjarnarmýri verði kannaðar.	
q) Forsendur fyrir því að Suðurmýri verði einstefnugata og að hjólastígur verði lagður í Suðurmýri eða á Nesvegi verði kannaðar.	11
r) Gangbraut með þrengingu sett við leikvöllinn á Skerjabraut (nú þegar er þar kantsteinn).	6
s) Gangbraut sett á Suðurströnd með miðeyju við Steinavör sem tengir stígakerfi.	12
t) Gönguljós sett við biðstöðvar Strætó bs. við Nesveg 111-113.	
u) Lagfæra hraðahindrun við Tjarnarstíg 24.	
v) Miðeyja eða tvöfaldur kantsteinn verði settur milli kotta á tveimur stöðum á Nesvegi.	2
w) Miðeyja á Skerjabraut við gatnamótin Skerjabraut/Nesvegur.	
x) Miðeyju í hluta bílplans leikskólans sem næst er gatnamótunum Suðurströnd/Nesvegur, auk þess að bæta lýsingu.	
y) Niðurtekt og blindrarönd í gangstétt í Suðurmýri við innkeyrslu inn á bílplanið hjá Eiðistorgi.	
z) Stöðvunarskyldu á Kolbeins-, Tjarnar- og Grænumýri fyrir akstur inn á Nesveg og einnig að tryggja sjónlínur eins og unnt er.	11
aa) Upphækkað plan/svæði á Suðurmýri við biðstöð Strætó bs. til móts við Skerjabraut þar sem farþegar ganga inn og út úr vagninum, ásamt því að biðstöðvaskiltið verði fært í samræmi við það.	9
bb) Yfirborðsmerkja biðskyldu í Suðurmýri NV við gatnamótin Suðurmýri/Tjarnarmýri.	11
cc) Yfirborðsmerkja biðskyldu í Suðurmýri NV við gatnamótin Suðurmýri/Kolbeinsmýri.	11



4.4

Svæði III



Mynd 4.4 Verkefni á svæði III

Tafla 4.4: Verkefni á svæði III og forgangsröðun þeirra

	Forgangur
a) Setja 30 km skilti öðru megin við byrjun Barðastrandar, nú er þar eitt 30 km skilti.	
b) Akstursflötur Bollagarða verði afmarkaður sunnanmegin.	
c) Akstursflötur Hofgarða verði afmarkaður.	
d) Akstursflötur Barðastrandar verði afmarkaður.	
e) Akstursflötur Fornustrandar verði afmarkaður.	
f) Akstursflötur Látrastrandar verði afmarkaður.	
g) Akstursflötur Vesturstrandar verði afmarkaður.	
h) Forsendur fyrir hraðahindrun með þrengingu milli Hofgarða 2 og 4 verði kannaðar.	
i) Forsendur fyrir hraðahindrun með þrengingu við Bollagarða 6 verði kannaðar.	
j) Forsendur fyrir gangbraut/göngupverun með þrengingu á milli Barðastrandar 12 og 14 sem tengir stígakerfi verði kannaðar.	
k) Forsendur fyrir gangbraut/göngupverun með þrengingu á milli Fornustrandar 14 og 16 sem tengir stígakerfi verði kannaðar.	
l) Forsendur fyrir gangbraut/göngupverun með þrengingu á milli Látrastrandar 15 og 17 sem tengir stígakerfi verði kannaðar.	
m) Forsendur fyrir gangbraut/göngupverun með þrengingu við Vesturströnd 9 sem tengir stígakerfi verði kannaðar.	



n) Forsendur fyrir gangbraut/gönguþverun með þrengingu við Vesturströnd 14 sem tengir stígakerfi verði kannaðar.	
o) Hámarkshraði á Norðurströnd verði lækkaður úr 60 km í 50 km, auk þess að farið verði í nauðsynlegar hraðtakmarkandi aðgerðir.	14
p) Miðeyja sett á núverandi gangbraut á Norðurströnd við Fornuströnd.	
q) Miðeyja sett á núverandi gangbraut á Norðurströnd við Lindarbraut.	
r) Miðeyja sett á núverandi gangbraut á Norðurströnd við Vesturströnd.	
s) Miðeyja sett á núverandi gangbraut á Norðurströnd við göngustíg á milli Látrastrandar og Barðastrandar.	
t) Stígur við Norðurströnd sem aðskilur gangandi og hjólandi.	
u) Tryggja að vængjahlíð milli Barðastrandar 12 og 14 sé rétt stillt.	

4.5

Svæði IV



Mynd 4.5 Verkefni á svæði IV

Tafla 4.5: Verkefni á svæði IV og forgangsroðun þeirra

	Forgangur
a) Akstursflötur Nesbala verði afmarkaður.	
b) Forsendur fyrir því að biðstöð strætó verði færð norðan við gatnamótin Lindarbraut/Hofgarðar.	
c) Forsendur fyrir hjólastíg á Lindarbraut sem tengir stígakerfi Norðurströnd og Suðurströnd verði kannaðar.	
d) Forsendur fyrir hraðahindrun með þrengingu við Nesbala 15 verði kannaðar.	



e) Í stað tveggja upphækkaðra gangbrauta/hraðahindrana á Lindarbraut skal setja gangbraut og hraðatakmarkandi aðgerðir sem henta vögnum Strætó bs.	15
f) Vængjalið sett á göngustíg milli Lindarbrautar 13-15 áður en komið er að Lindarbraut.	

4.6

Svæði V



Mynd 4.6 Verkefni á svæði V

Tafla 4.6: Verkefni á svæði V og forgangsröðun þeirra

	Forgangur
a) Akstursflötur Miðbrautar verði afmarkaður.	
b) Akstursflötur Unnarbrautar verði afmarkaður.	
c) Akstursflötur Valhúsabrautar verði afmarkaður.	
d) Akstursflötur Vallarbrautar verði afmarkaður.	
e) Akstursflötur Melabrautar 22-54 verði afmarkaður.	
f) Forsendur fyrir hraðahindrun við Valhúsabraut 11 verði kannaðar.	
g) Forsendur fyrir hraðahindrun við Valhúsabraut 29 verði kannaðar.	
h) Forsendur fyrir hraðahindrun við Vallarbraut 16 verði kannaðar.	
i) Forsendur fyrir hraðahindrun við Melabraut 30 verði kannaðar.	



j)	Forsendur fyrir hraðahindrun við Miðbraut 32 verði kannaðar.	
k)	Gangbraut/gönguþverun sett á Melabraut sunnan megin við gatnamótin Hæðarbraut/Melabraut.	13
l)	Lagfæra hraðahindrun á Melabraut við gatnamótin Melabraut/Bakkavör.	
m)	Stígur lagður við Suðurströnd til að aðskilja gangandi og hjólandi.	
n)	Stöðvunarskyldu sett við Bakkavör fyrir akstur inn á Suðurströnd.	
o)	Upphækka núverandi gangbraut milli Bakkavarar 34 og 36.	

4.7

Yfirlit forgangsverkefna

Tafla 4.6: Verkefni á svæði V og forgangsröðun þeirra	
	Forgangur
Forsendur fyrir hringakstri/-torgi og sleppistæðum á Nesvegi við innkeyrsluna inn á skólalóðina hjá Mýrarhúsaskóla verði kannaðar.	1
Fundin verði lausn með helstu hagsmunaaðilum á því hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að flutningabílar komi inn á skólalóð Mýrarhúsaskóla.	2
Einstefna verði í bílakjallara við Hrólfsskálamel þannig að aðeins verði keyrt inn í kjallarann af bílplaninu við íþróttasvæðið.	3
Miðeyja eða tvöfaldur kantsteinn verði settur milli kotta á tveimur stöðum á Nesvegi, auk þess verði sett vængjahlið.	4
Gult blikkandi gönguljós verði sett við gatnamótin Suðurströnd/Nesvegur, líkt og við gatnamótin Hringbraut/Framnesvegur. Ljósið blikkar þegar kveikt er á gönguljósum og vekur athygli ökumanna á því að óvarinn vegfarandi gæti verið á leið yfir akbrautina. Staðsetja skal ljósið vestan við gatnamótin, norðan megin við Suðurströnd.	5
Skipulag á bílplani við sundlaug og íþróttasvæði verði skoðað og framtíðarákvörðun tekin, t.d. er búið að forhanna aðkomu/hringakstur við íþróttahúsið.	6
Gangbraut með þrengingu sett við leikvöllinn á Skerjabraut (nú þegar er þar kantsteinn).	7
Færa núverandi hlið austan við Valhúsaskóla norðar svo hægt verði að aka inn á bílplanið en ekki lengra, auk þess að setja skilti D08.11 Botngata og undirmerkið Óviðkomandi umferð bönnuð við Skólabraut 7.	8
Fundin verði lausn með verslunareigendum Eiðistorgs hvernig megi minnka fjölda óhappa á bílplaninu með úrbótum á skipulagi.	9
Fundin verði lausn á því hvernig eigi að tengja saman stígakerfi við Eiðistorg.	9
Upphækkað plan/svæði á Suðurmýri við biðstöð Strætó bs. til móts við Skerjabraut þar sem farþegar ganga inn og út úr vagninum, ásamt því að biðstöðvarskiltið verði fært í samræmi við það.	10
Forsendur fyrir því að Suðurmýri verði einstefnugata og að hjólastígur verði lagður í Suðurmýri eða á Nesvegi verði kannaðar.	11
Biðskylduskilti sett við Suðurmýri austan við gatnamótin Suðurmýri/Tjarnarmýri.	11
Stöðvunarskyldu á Kolbeins-, Tjarnar- og Grænumýri fyrir akstur inn	11



á Nesveg og einnig að tryggja sjónlínur eins og unnt er.	
Yfirborðsmerkja biðskyldu í Suðurmýri NV við gatnamótin Suðurmýri/Tjarnarmýri.	11
Yfirborðsmerkja biðskyldu í Suðurmýri NV við gatnamótin Suðurmýri/Kolbeinsmýri.	11
Gangbraut sett á Suðurströnd með miðeyju við Steinavör sem tengir stígakerfi.	12
Gangbraut/gönguþverun sett á Melabraut sunnan megin við gatnamótin Hæðarbraut/Melabraut.	13
Forsendur fyrir því að hámarkshraði á Norðurströnd verði lækkaður úr 60 km í 50 km, auk þess að farið verði í nauðsynlegar hraðtakmarkandi aðgerðir.	14
Í stað tveggja upphækkaðra gangbrauta/hraðahindrana á Lindarbraut skal setja gangbraut og hraðatakmarkandi aðgerðir sem henta vögnum Strætó bs.	15

5 Niðurstöður

Þetta er í fyrsta skipti sem heildstæð umferðaröryggisáætlun er gerð fyrir sveitarfélagið.

Slysagreining leiddi í ljós umferðaröryggi á Seltjarnarnesi getur almennt talist mjög gott en umferðaröryggi má þó alltaf bæta.

Eftir stöðumat og greiningarvinnu var samráðshópur sammála um að leggja sérstaka áherslu á að bæta umferðaröryggi á svæði I þar sem m.a. skólar, sundlaug og íþróttamiðstöð eru og því var ákveðið að brýn verkefni á því svæði væru sett í forgang.

Helstu markmið og áherslur sveitarfélagsins er varða umferðaröryggi eru að halda áfram að vinna að bættu öryggi óvarðra vegfarenda og leggja áfram sérstaka áherslu á öryggi gönguleiða barna í skólann. Auk þess minnka fjölda óhappa á bílplönunum, ná hraða bifreiða niður í hámarkshraða og taka fyrir svæði frekar en staði þegar unnið er með hraðatakmarkandi aðgerðir.

Í framkvæmdaáætlun og forgangsröðun verkefna í kafla 4 var Seltjarnarnesi skipt í fimm svæði og verkefni listuð niður svæði fyrir svæði. Ákveðin voru fimmtán brýnustu verkefnin og þeim raðað í forgangsröð, þar sem verkefni eitt er brýnast o.s.frv. Flest af fimmtán brýnustu verkefnunum eru á svæðum I og II.

Áætlað er að tekið sé tillit til umferðaröryggisáætlunar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins og að áætlunin verði endurnýjuð eftir fjögur ár. Gert er ráð fyrir því samráðshópurinn hittist tveimur árum eftir útgáfu þessarar umferðaröryggisáætlunar og fari yfir verkefnastöðu og nýjar ábendingar. Í framhaldi að samráðfundinum verði minnisblað sent til sveitarstjórnarmanna.



6 Heimildaskrá

- Gunnar Geir Gunnarsson, Samgöngustofa, Upplýsingar um alvarleg slys á árunum 2004 og 2013, og fjölda umferðarslysa og umferðaróhappa árið 2013, tölvupóstur, 14.apríl 2014.
- Línuhönnun og Vegagerðin. *Hraðatakmarkandi aðgerðir*. Maí 2006.
- Mannvit, Vegagerðin og Umferðarstofa. *Umferðaröryggisáætlun sveitarfélaga-Leiðbeiningar*. Janúar 2010
- Mannvit. *Minnisblöð um umferðargreiningar á Seltjarnarnesi*. Unnin á árunum 2011-2012.
- Mannvit. *Forgangur og öryggi gangandi vegfarenda á gönguþverunum*. Desember 2012.
- Samgöngustofa. *Send slysakort og slysagögn*. September 2013.
- Samgöngustofa. *Umferðarslys á Íslandi 2013*. Mars 2014.
- Samgöngustofa, Öryggi barna í bílum á Seltjarnarnesi, minnisblað. Nóvember 2013.
- Umferðarstofa. *Umferðarslys á Íslandi 2012*. Mars 2013.
- Umferðarstofa. *Umferðarslys á Íslandi 2011*. Mars 2012.
- Umferðarstofa. *Umferðarslys á Íslandi 2010*. Mars 2011.
- Umferðarstofa. *Umferðarslys á Íslandi 2009*. Mars 2010.
- Umferðarstofa. *Umferðarslys á Íslandi 2008*. Mars 2009.
- Umferðarstofa. *Umferðarslys á Íslandi 2007*. Mars 2008.
- Umferðarstofa. *Umferðarslys á Íslandi 2006*. Mars 2007.
- Umferðarstofa. *Umferðarslys á Íslandi 2005*. Mars 2006.
- Umferðarstofa. *Umferðarslys á Íslandi 2004*. Mars 2005.
- Umferðarstofa. *Öryggi barna í bílum, niðurstöður Seltjarnarnes*. 2013.
- Vegagerðin og Reykjavíkurborg. *Handbók um umferðarmerki*. Mars 2013.
- Vegvesen. *Gangfeltkriterier, veiledning, håndbok 270*, Desember 2007.
- Vejdirektoratet. *Katalog over typegodkente bump*. September 2013.
- Vinnustofan Þverá ehf. *Seltjarnarnes, yfirlit yfir gangbrautir og hraðahindranir á Seltjarnarnesi*. Nóvember 2006.
- Vinnustofan Þverá ehf. *Umferðarskipulag*. 2001.
- VSÓ Ráðgjöf. *Seltjarnarnesbær, Malbikun gatna, ástandsmat og tillögur til úrbóta*. Mars 2009.



7 Viðauki I – Ábendingar samráðshóps og íbúa

- ▶ Hraðamælingar voru gerðar á Lindarbraut í desember 2012, 13% ökumanna keyrðu yfir hámarkshraðanum 50 km/klst.
- ▶ Hjólamenning hefur aukist til muna á svæðinu og þá sérstaklega á stígum á Norður- og Suðurströnd, sumir eru á rafmagnshjólum og því er hraðinn oft verulegur og finnst gangandi vegfarendum það óþægilegt og öryggi þeirra vera minna.
- ▶ Aðkoma að tónlistarskólanum er góð úr öllum áttum en lýsingu á bílastæði má bæta.
- ▶ Í haust var gerð breyting á bílastæði við Valhúsaskóla og í samráði við skiplagssvið bæjarins er fyrirhugað að færa til hlið á skólalóðinni, þannig að eingöngu verði ekið frá Suðurströnd að bílastæði skólans.
- ▶ Í nærumhverfi leikskólans eru gangbrautarljós á aðkomuleiðum. Það sem e.t.v. helst bæri að skoða er skipulag, umferð og lýsing á bílastæði.
- ▶ Skólabraut er einstefnugata en merkingar eru þess eðlis að þegar fólk er að fara í burtu, t.d. frá Skólabraut 3-5, þá veit það ekki endilega að gatan er einstefnugata og ef það veit það þá er það ekki með á hreinu í hvora áttina. Það þyrfti kannski að merkja betur inni í götunni.
- ▶ Hornið í brekkunni úti við Mýrarhúsaskóla er bæði þröngt og blint. Það kemur nokkrum sinnum fyrir að við þurfum að fá langferðabíla til okkar og þeir eiga nánast undantekningalaust í erfiðleikum vegna þrengsla, bæði að komast til okkar og frá.
- ▶ Aðgengi fyrir bíla sem flytja fólk í íbúdir aldraðra og aðkoma fyrir íbúa, sem oft eru illa á sig komnir hvað hreyfigetu varðar annað hvort með göngugrind eða í hjólastól, er ekki til fyrirmyndar. Bíllinn þarf að bakka upp eftir gangstéttinni að innganginum. Gangstéttin er mjórri en bíllinn þannig að grasið og lóðin í kring ber þess ætíð merki auk þess sem oft er mjög þröngt á þingi og erfitt að athafna sig á stórum bíl.
- ▶ Skortur er á bílastæðum fyrir byggingu við Skólabraut 3-5. Stundum hafa þrengslin verið svo mikil að bílum er lagt uppi á gangstéttum og á ská í stæðunum hægra megin á götunni, þannig að maður þarf að sæta lagi á meðalstórum bíl, og manni verður hugsað til þess ef slökkvibíreið þyrfti að komast hér að.
- ▶ Umferðarhraði næst leikskólum, íþróttahúsum og sundlaug sé lægri en 50 km/klst. þ.e. 30 km/klst.
- ▶ Bæta merkingu göngustíga yfir Norðurströndina og mögulega fjölga göngustígum, það myndi örugglega halda aftur að umferðarhraða þar. Ósk er um að ekki verði settar hraðahindranir, frekar ætti að setja upp hraðamyndavélar.
- ▶ Á Kirkjubraut við Austurströnd 14 liggja bílastæði meðfram húsinu og ofar í götunni eru einnig fleiri bílastæði. Enn ofar er ein hraðahindrun/gangbraut sem notuð er af fjölda barna. Fjöldamörg börn eru einnig keyrð í skólann og er því umferð álagstímum. Borið hefur á hraðaakstri á leið frá skólanum þegar keyrt er niður Kirkjubraut og yfir hraðahindrunina og svo gefa ökumenn allt í botn til að ná ljósum. Oftar en einu sinni hefur legið við alvarlegum árekstri hjá íbúum Austurstrandar 14 vegna þessa. Óskað eftir að fá einhverskonar hraðahindrun milli ljósa á gatnamótum og hindrunarinnar sem fyrir er til að koma í veg fyrir mikinn hraðaakstur.
- ▶ Hraðahindranir á Nesvegi eru ekki að skila tilætluðum árangri þar sem bílar eru að reyna auka hraða á milli þeirra, sem skapar aukna hættu, í stað þess að hægja á sér. Vel hefur verið leyst úr svipuðu máli á Ægissíðunni, þar sem vegurinn er hlykkjóttur á köflum.
- ▶ Lækka hámarkshraða á Nesvegi í 30 km/klst., það myndi væntanlega senda meiri umferðarpunga meðfram sjónum, enda þolir sá vegur mikið meiri umferð en Nesvegurinn.



- ▶ Kanna hvort Suðurmýri eigi að vera einstefnugata.
- ▶ Aðgreina betur skil á milli Nesvegjar og Suðurmýrar með því að breikka bilið með gróðri eða annarri snyrtilegri aðgreiningu.
- ▶ Óskað er eftir gönguljósum nálægt bæjarmörkunum við fiskibúðina.
- ▶ Það vantar fleiri hjólastæði við leikskólana.
- ▶ Lindarbrautin skiptir Seltjarnarnesi í tvennt austan megin. Íbúar sem búa á austari hluta Lindarbrautar, Nesbala, Neströð, Sævargörðum og Sefgörðum, þurfa allir að ganga yfir Lindarbraut á leið sinni í vesturátt. Mikil umferð er á Lindarbraut og hraðakstur gerir það að verkum að gatan getur verið hættuleg. Óskað er eftir lausn, t.d. göngum því þau hafa ekki áhrif á akandi umferð og að tillit verði tekið til flæðis og „harmonization“.
- ▶ Óf mörg börn sem koma ekki í bílstól í skóla/leikskóla og sum sitja jafnvel í framsætinu.
- ▶ Ökumenn stoppa þegar það logar rautt ljós á gangbrautarljósum og hleypa ungum börnum sem eiga að vera að læra umferðarreglur yfir gangbrautina, þannig læra þau að fara ekki eftir umferðareglunum.
- ▶ Setja hraðatakmarkandi aðgerðir á Skerjabraut, Sæbraut og Sólbraut. Tvær hraðahindranir eru á Selbraut og hafa þær hafi eingöngu flutt hraðakstur og umferð af Selbraut yfir á Skerjabraut og Sæbraut.
- ▶ Klára hraðahindrun og göngubraut við Skerjabraut hjá leikvelli til að minnka hraðakstur og auka öryggi barna sem þvera götuna.
- ▶ Einhvers konar þrenging á Skerjabraut í samvinnu við listamann.
- ▶ Breiddin á bæði Sæbraut og Skerjabraut virðist gefa ökumönnum falska öryggistilfinningu. Á Sæbraut hefur ekki verið málað „30“ á götuna til þess að minna ökumenn á hraðatakmarkanir. Einhverjir íbúar innarlega í hverfinu álíta að þarna gildi a.m.k 50 km hámarkshraði.
- ▶ Gangbraut yfir Skerjabraut fyrir börn sem koma eftir Lambastaðabraut og eru á leið í skóla. Þarna er oft blint á morgnanna þegar bílum er lagt eftir götunni. Auk þess er mikið útivistarfólk þarna og eðlilegt að þeim sé lóðsað áfram eftir öruggum leiðum.
- ▶ Leggja af hægri rétt í hverfi Skerjabrautar, Selbrautar, Sólbrautar og Sæbrautar því hann virðist bara kunnur einstaka ökumanni.
- ▶ Gangbraut vantar yfir Skerjabraut fyrir börn sem eru á leið í skóla eftir Nesvegi. Slík gangbraut var þar fyrir einhverjum árum síðan en hefur ekki verið viðhaldið.
- ▶ Það vantar alveg að útfæra gangbrautir í Mýrunum, þ.e. við Eiðismýri, Grænumýri, Kolbeinsmýri, Tjarnarmýri og Suðurmýri. Þar búa fjölmörg börn á leikskóla- og skólaskyldualdri og því brýn ástæða til að koma á slíku fyrirkomulagi.
- ▶ Mikil hætta skapast við Suðurmýri þar sem eru gönguljós eru yfir Nesveginn og fólk leitt upp á miðja götu milli Suðurmýrar og Nesvegjar. Gönguljósinn ná ekki yfir þá götu (Suðurmýri) og þar er ekki heldur gangbraut. Þetta fyrirkomulag er mjög villandi.
- ▶ Strætó er gert að stoppa á Nesveginum og fólki hleypt út úr honum, beint út á miðja götuna við Suðurmýri, án þess að þar sé gert ráð fyrir neinni gangbraut eða aðvörun fyrir gangandi eða akandi vegfarendur.
- ▶ Blikkandi hraðaskilti við skólann á Suðurströnd.
- ▶ Veruleg hætta skapast við útafkeyrslur af Grænumýri, Tjarnarmýri og Kolbeinsmýri inn á Nesveginn, þar sem bílum er lagt í bílastæði við Suðurmýri og skyggja algerlega á sýn ökumanna þegar ekið er út á Nesveginn. Bæjarfélagið hefur fengið ábendingar og sett voru pínulítil gróðurker á enda bílastæða, einungis við eina útafkeyrslu inn á



Nesvegin (Tjarnarmýri). Þetta engan vegin fullnægjandi úrræði og skyggja kyrrstæðir bílar og húsvagnar enn verulega á sýn ökumanna.

- ▶ Á gatnamótunum Suðurmýri/Tjarnarmýri er biðskylda á Suðurmýri oft ekki virt. Hugsun ökumanna á Suðurmýri er fyrst og fremst gagnvart Nesveginum sem þeir annað hvort ætla að beygja upp á eða vara sig á. Þarna er blint horn á báða kanta þegar ekið er frá Tjarnarmýri yfir í Suðurmýrina inn á Nesveginn. Óskað er eftir eftir rækilegri stöðvunarskyldu á Suðurmýrina þar sem hún sker Tjarnarmýrina eða þá upphækkun og þrengsli.
- ▶ Veruleg hættu skapast á bílastæðinu við Eiðistorg þegar börn eru leidd af göngustígnum sem liggur frá Eiðismýrinni, beint inn á bílaplanið. Þar eru engar gangbrautir eða afmarkaðar gönguleiðir. Ekki eru heldur gangbrautir yfir göturnar/útafkeyrslurnar við suðurenda plansins sem liggja samhliða Suðurmýrinni auk þess sem þar er ekki heldur „niðurfell“ gangstétt þegar komið er inn á gangstéttina Suðurmýrarmegin. Hraðatakmarkanir um planið eru mjög óljósar auk þess sem sérstök hættu skapast þegar bílar keyra þar um, þvers og kruss, og geta komið úr ýmsum áttum.
- ▶ Mikil hættu skapast þegar börn fara yfir á gatnamótum Nesvegjar og Suðurstrandar á leið í skólann en þá er einnig gert ráð fyrir grænu „beygjuljóni“ fyrir akandi vegfarendur. Þar þyrfti að vera gangbrautarvörður, blikkandi ljós sem vekur athygli akandi vegfarenda á því að gangandi eiga réttinn eða sérstök beygjuljón.
- ▶ Hættu skapast á bílastæði við Leikskóla Seltjarnarness þegar ökumenn bakka bílunum úr stæðum og sjá ekki lítil börn á gangi yfir planið. Í þessu sambandi má benda á sérstaka hættu sem skapast getur af bílastæðum á miðju planinu þar sem enginn möguleiki er á að koma börnunum upp á gangstétt.
- ▶ Hættu skapast við Suðurmýrina þar sem margir keyra þar um í þeim tilgangi að flýta fyrir sér og sleppa við að þurfa að keyra Nesveginn, ekki síst eftir að hraðahindrunarkubbarnir voru settir þar upp. Eðli málsins samkvæmt virða þessir sömu aðilar ekki hraðatakmarkanir í Suðurmýri.
- ▶ Við gatnamót Bakkavarar og Suðurstrandar, þegar ekið er niður Bakkavör, er blindhorn vestan megin vegna gróðurs. Á horninu er runni sem líklega er í garðshorni þess húss sem stendur við hornið. Suðurströndin tekur sveig suð-vestur og verður það til þess að runninn ásamt strætisvagnaskýli, hindrar sýn.
- ▶ Á Valhúsabraut er hraðakstur og þar eru börn að leik. Bifreiðum er ekið um götuna án þess að viðkomustaður ökumanna eða farþega sé á Valhúsabraut, þ.e. bifreiðum er ekið upp Hæðarbraut, í gegnum Valhúsabraut og niður Bakkavör eða þá leið til baka. Ástæðan er líklega sú að ökumenn fara frekar upp á Valhúsabraut og aka hana í stað þess að fara Melabrautina þar sem eru þrengingar og hraðahindranir. Óskað er eftir að ökumenn verði minntir á hámarkshraðann þarna og ráðstafanir gerðar til þess að hægja á umferðinni.
- ▶ Í Bakkavör voru tvær hraðahindranir sem fólki þóttu óþægilegar þar sem þær voru hvassar og voru þær fjarlægðar. Yfir þessa götu ganga öll skólabörn í hverfinu á leið sinni í skólann og er því sérsök ástæða til þess að stuðla að hægari akstri í götunni.
- ▶ Ég bendi á „gönguleið“ sem liggur frá Bakkagarði yfir Suðurströndina við Steinavör. Þar er lækkaður kantur beggja megin götunnar og gengur fólk eðlilega þar yfir götuna þegar það leggur leið sína í Bakkagarð enda virðist gert ráð fyrir því. Þessi gönguleið ekki merkt og geta ökumenn, sérstaklega þeir sem ekki búa á nesinu ekki áttað sig á því að þarna er von á gangandi umferð. Ég tel að úr þessu verði að bæta til þess að tryggja öryggi gangandi vegfarenda.



- ▶ Öryggi gangandi vegfarenda við Nesveginn er mjög ábótavant. Mikið af börnum gengur meðfram Nesveginum á leið sinni í skólann. Umferðarhraði er alltof mikill og svo eru gangstígar sunnan megin við Nesveginn alltof nálægt sjálfri götunni. Sérstaklega vel er staðið að göngustígnum sem liggur frá leikskólanum og út að Gróttuvelli meðfram Suðurströndinni, þar er búið að tryggja öryggi hjólafélks og gangandi vegfarenda með því að skilja veg frá með grashól.
- ▶ Umferð í og úr bílajakjallara við nýju blokkirnar á Hrólfsskálamel á bílaplani við íþróttahús veldur áhyggjum. Þar er steiptur veggur alveg upp að göngustígnum sem birgir bæði bílstjórum sem og gangandi vegfarendum sjón. Það þarf að gera þessa „akbraut“ hættulausa fyrir börn.
- ▶ Ekið er með aðföng í mótuneyti skólans inn á skólalóðina. Þetta eru m.a. stórir flutningabílar sem snúa við inni á skólalóðinni og bakka fyrir hvasst horn þannig að stórhætta myndast við það. Oft er þetta á morgnana og jafnvel í frímínútum nemenda. Unnið hefur verið að því að fá þessu breytt en gengið mjög hægt. Ýmsar tillögur og óskir frá starfsfólki skólans hafa verið ræddar árum saman og síðustu fréttir voru að það væri búið að fá samþykki íbúa við Hrólfsskálamel til að leyfa akstur inn á skólalóðina frá Hrólfsskálamel og verið væri að teikna þessa breytingu. Með þessum hugmyndum væri öryggi nemenda tryggt á skólalóðinni. Síðan er liðið tæpt ár. Til bráðabirgða var sett keðja sem lokar fyrir innakstur, en aðeins til hálfis því talið var að það þyrfti að vera hægt að komast með sjúkrahíl þarna inn. Fyrir vikið keyra sumir bílar þar inn með tilheyrandi hættu fyrir börnin. Einnig er ekið inn á lóðina til að tæma sorp.
- ▶ Hraðakstur er á Kirkjubraut neðan við Mýrarhúsaskólann. Þrátt fyrir hraðahindrun við gangbrautina er ekið of hratt þarna.
- ▶ Lýsing á hraðahindrun yfir Skólabraut. Oft vantar ljósín í lágu staurana við hraðahindrun á móti Tónlistarskólanum.
- ▶ Skólabraut – leið barna frá Bakkavör í Mýrarhúsaskóla. Búið er að færa körfuboltavöll á gamla bílastæðið en eftir er að loka fyrir umferð inn á völinn. Gangandi og hjólandi umferð frá Bakkavör þarf að fylgja gangstétt ofan við Skólabrautina næst Valhúsaskóla. Sú gangstétt endar þar sem Kirkjubrautin beygir niður á Skólabrautina og því þarf að fara yfir Kirkjubrautina til að komast á hraðahindrun yfir götuna. Ath. það er ekki merkt gangbraut á Skólabrautinni, einungis tvær hraðahindranir. Erfitt er að halda áfram sömu megin því þar eru bílastæði. Vegna þessa ganga börnin og hjóla stystu leið skáhallt yfir Skólabrautina. Ef gangstétt væri hinum megin meðfram húsinu (Skólabraut 7) væri hægt að fylgja henni öruggari leið að Mýró, því þá þarf aðeins að fara yfir götuna við Való. Öruggast fyrir börnin væri að loka götunni fyrir bílum þennan spöl frá Kirkjubrautinni að Való. Þá yrði aðkoma að Való eingöngu frá Heilsugæslustöðinni og inn á bílastæðin neðan við Való.
- ▶ Aðkoma skólabarna að Mýrarhúsaskóla frá gangbrautum er ekki nógu góð. Ósk um að beina börnum á öruggustu leiðina með því t.d. að merkja gangbrautir á þeim tveimur stöðum þar sem skólabörnin fara yfir götuna.
- ▶ Mjög slæmt ástand er á hraðahindrun á horni Melabrautar og Bakkavarar og mjög óþægilegt að keyra yfir hana.
- ▶ Hraðahindrun milli Barðastrandar 12 og 14 er slysigildra. Hraðahindrunin lækkar ekki umferðarhraða og umferð hjólandi félks hefur stóruaukist sem „krossar“ götuna að vestanverðu á miklum hraða oft á tíðum. Armur á vængjahliði skarast ekki og því óþarfi að minnka hraðann til að komast í gegn. Óskað er eftir öruggari útfærslu á þessari þverun.



- ▶ Umferð og umferðarhraði í Bollagörðum er mikill, ein hraðahindrun er innarlega í götunni sem nýtist ekki til að minnka umferðarhraðann. Óskað er eftir annarri hraðahindrun í götuna.
- ▶ Íbúi við Austurströnd notar göngugrind og neyðist til að ganga á götunni vegna þess að gangstéttin er svo hallandi í átt að götunni og einnig eru gangstéttabrúnir svo háar að erfitt er að komast upp og niður þar sem eru innkeyrslur. Óskað er eftir úrbótum.
- ▶ Við grunnskólann eru gangaverðir við Kirkjubraut og Austurströnd, en því miður ekki við Suðurströnd eða Valhúsaskóla þar sem mikil bílaumferð er. Óskað er eftir að þetta verði tekið fyrir.
- ▶ Óskað er eftir að hringtorg/bílastæði á Hrólfsskálamel fyrir þá sem þurfa að skutla börnum sínum í Mýrarhúsaskóla verði skoðað? Það ákveðinn skipulagsgalli að nauðsynlegt sé að aka 180 gráður í kringum Mýrarhúsaskóla. Hægt væri að gera gat á girðinguna fyrir neðan Skólaskjólíð, jafnvel opna þann inngang á ný, gera tröppur, setja upp ljósastaur sem myndi lýsa upp Hrólfsskálamelsplanið, ganga frá gangstéttarköntum og mála línur.
- ▶ Of hratt er keyrt í Nesbala. Einhverjir hafa verið ósáttir með færslu á hraðahindruninni. Ánægja er með að nýjan kantstein sem hindrar að ökumenn aki upp á gangstéttina til þess að þurfa ekki að minnka hraðann jafn mikið. Svo virðist sem hraðinn hafi lækkað en sé enn of hraður eftir uppsetningu á hraðahindrun. Óskað er eftir að málið verði skoðað.
- ▶ Það vantar endurskinsmerki á blómakerin á Vallarbraut.
- ▶ Kanna hvort önnur staðsetning á blómakerum á Vallarbraut myndi minnka hraðann enn frekar, t.d. við hús númer 16. Hraðinn í götunni er ennþá verulegur, sérstaklega ökumanna sem aka norður götuna og eiga erindi á Melabraut eða Miðbraut, eða eru að koma þá þaðan.
- ▶ Á Vallarbraut er ekki gangstétt austan megin við götuna, sem eykur hættu fyrir gangandi vegfarendur og ekki síst börn.
- ▶ Óskað er eftir hraðahindrun ofan við innkeyrsluna í botnlangann við Bollagarða 1-41 vegna hraðaksturs.
- ▶ Það er mikið um að íbúar í Tjarnarbóli 2-10 leggja í Suðurmýrinni og labba svo yfir í Tjarnarbólið, íbúar í Suðurmýri eru ekki allir hressir með það og óska eftir því að skoðað verði hvort hægt sé að setja upp girðingu á eyjuna sem liggur á milli Suðurmýrar og Nesvegur.
- ▶ Óskað er eftir hraðahindrun á Grænumýri við gatnamótin Suðurmýri/Nesvegur. Þessi gatnamót eru í beygju, tré skyggja þar að auki á útsýni og umferð á Nesveginum truflar að gangandi geti hlustað almennilega eftir bíl.
- ▶ Eftir að biðskyldur voru settar á Melabraut, Miðbraut og Vallarbraut hefur hraði á Hæðarbraut aukist mikið, ósk er um að hraðahindrun verði sett í götuna. Engin gangbraut er á Hæðarbraut í samræmi við Hofgarða og Bakkavör, spurt er hvort það sé á áætlun að setja gangbraut. Íbúi telur að gangbraut ætti allavega að vera á leið barna yfir gatnamót Melabrautar og Hæðarbrautar en þar með gönguleið „tengd“ frá Hofgördum alveg að Valhúsaskóla.
- ▶ Einstefna á Tjarnarstíg er ekki virt og aka ökumenn einnig hratt upp götuna. Gangslaus hraðahindrun er á horni götunnar. Óskað er eftir því að þetta verði tekið fyrir og einnig fyrirspurn um hvort stefnan sé að Tjarnargata verði vistvæn gata.
- ▶ Færa strætóbiðstöð af Suðurmýri yfir á Nesveg.
- ▶ Gangstéttin sunnanmegin við Norðurströndina er alveg upp við akbrautina og lítið þarf að koma upp á ef t.d. börn á hjóli detta á henni því þá eru þau strax komin út í



umferðina. Það sama gildir um göngustíg sem liggur meðfram sjónum samhliða Norðurströndinni.

- ▶ Óskað er eftir að hámarkshraði á Norðurströnd verði 40-50 km/klst (er nú 60 km/klst) því ökumenn virða oft ekki hámarkshraðann. Umferðarhraði á Norðurströnd er 60 km/klst en 50 km/klst þegar sama gata er komin yfir til Reykjavíkur. Ekki er hægt að benda á svipaða götu í Reykjavík sem með jafn háan hámarkshraða. Norðurströnd liggur mjög nálægt húsum sem tilheyra Bollagörðum og nærliggjandi götum og fylgir talsverður umferðarhávaði þessum óþarflega mikla umferðarhraða. Á Suðurströnd eru ýmsar aðgerðir til að auka umferðaröryggi og umferðarhávaða, t.d. er 50 km hámarkshraði, umferðarljós, gönguljós, hraðahindranir, götuprengingar og hljóðmanir.
- ▶ Setja hraðahindranir á gangbrautir á Norðurströnd, og þá sérstaklega á brautir sem liggja nærri Vesturströnd og Lindarbraut. Gangbrautin sem liggur yfir Norðurströndina, nærri Vesturströnd, er að nokkru leiti í hvarfi fyrir ökumönnum sem aka vestur Norðurströndina vegna þess að gangbrautin liggur neðar en hæsti punktur vegarins skömmu austur. Gangbrautin sem liggur við Lindarbrautina er einnig slæm fyrir vegfarendur því þeir sem fara yfir hana hafa ekki fulla yfirsýn til austurs eftir Norðurströndinni vegna sveigju í götunni hjá gamla Bollagarðabænum.
- ▶ Setja upp ljósaskilti á Norðurströnd sem sýna umferðarhraða og blikkar ef hraðinn er of mikill og staðsetja þannig að umferðarhraði og umferðarhávaði minnki þar sem Norðurströndin liggur sem næst íbúðarhúsum (við Bollagarða).



8 Viðauki II – Slysakort





